



Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Ásta Einarsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Helena Guðjónsdóttir foreldri, Kristján Carlsson Granz foreldri, Laufey Einarsdóttir starfsmaður, Daði Einarsson, nemandi í 10. bekk, Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari)

Fyrir Háaleitisskóla: Anita Engley Guðbergsdóttir foreldri

Thelma Lind Karlsdóttir nemandi í 10. Bekk, Baldur Rafn og Jón Haukur boðuðu forföll

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Umræður urðu um tímasetningar á námsefniskynningum en stefnt er að því að bjóða aftur upp á kynningar seinni part dags.
 - a. Skóladagatalið samþykkt af skólaráði með undirskrift fundarmanna.
2. Hulda Hauksdóttir, kennari í upplýsinga- og tæknimennt kom og svaraði spurningum foreldra varðandi kennslu í upplýsingarmennt.
 - a. Ásta spurði hvort nemendur mættu vera með tölvur í skólanum í stað bóka og Ásgerður svaraði að nýlega var samþykkt af óski foreldrar eftir því þá geta nemendur verið með lesbækur í tölvum og notað tölvur í kennslustundum til að lesa í lesbókum en vinnubækur verða áfram notaðar.
 - b. Kristján spurði hvað er kennt á tölvur í skólanum og Hulda svaraði að það eru forritin word, excel og power point sem er farið í, leit á vefnum og hvernig nemendur geta nýtt sér veraldarvefinn til vinnu. Í vali í upplýsingarmennt er farið í forritun auk annars.
 - c. Kristján spurði um stefnu skólans í kennslu á forritun og svöruðu Hulda og Ásgerður því að sú stefna er ekki til, hefur ekki verið rædd
 - d. Rætt um að forritun er hvorki í námi á menntasviði fyrir kennara í upplýsingarmennt né er áhersla á það í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Rætt að hugsanlega væri hægt að samþætta kennslu í forritun í stærðfræðina.
 - e. Rætt um hvort Kristján gæti verið með kynningu/kennslu á forritun í vali eða á þemadögum fyrir áhugasama nemendur.
 - f. Aníta spurði um stefnu í IPaD væðingu í skólanum/bæjarfélaginu og Guðný fór yfir hvað er framundan í Reykjanesbæ í þeim efnum.
 - g. Guðný sagði frá því að nokkrir kennarar eru að fara á námskeið í „spegladri kennslu“ í Keili í lok apríl.
3. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá hvernig gekk með árshátíð skólanna og lýsti ánægju yfir því hve vel gekk með árshátíð Njarðvíkurskóla. Umræður um árshátíð Háaleitisskóla og hvað þarf að skoða með hana á næsta ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð